

REGLUGERÐ

um pappírslaust peningahappdrætti Hapdrættis Háskóla Íslands.

1. gr.

Hapdrætti Háskóla Íslands rekur sérstakt peningahappdrætti undir heitunum Gullnáman og Gullregn.

2. gr.

Rekstur hapdrættisins skal byggður á notkun sjálfvirkra hapdrættisvéla.

3. gr.

Hapdrættisvélarnar skulu tengdar miðlægu tölvukerfi hapdrættisins og mynda með þeim hætti efna heild.

Samvirkar hapdrættisvélar geta haft aðgang að lukkupottum og átt hlutdeild í þeim. Þessar vélar geta hvort heldur sem er myndað kerfi á takmörkuðu svæði eða verið hluti of kerfi á landsvísu.

4. gr.

Stjórnendur hapdrættisins ákveða hvar hapdrættisvélunum verður komið fyrir.

Á hverjum stað þar sem hapdrættisvélar eru í notkun skal vera umsjónarmaður sem þátttakendur geta snúið sér til.

5. gr.

Þátttaka í hapdrættinu felst í því að greiða 50 kr., 100 kr., 150 kr., 200 kr. eða 250 kr. fyrir hvern leik í hapdrættisvél. Nota skal 50 kr. mynt og/eða peningaseðla.

6. gr.

Útreiknað vinningshlutfall hapdrættisvélanna skal að lágmarki vera 89%.

7. gr.

Á hverri hapdrættisvél skal vera vinningaskrá sem með greinilegum hætti sýnir hverjir vinningar eru. Vinningar eru tvenns konar, fastar fjárhæðir og lukkupottar.

Vinningar skulu skilgreindir með samstæðum merkja, bókstafa, tölustafa og spila.

Lukkupottur er einn, Gullpottur. Fjárhæð hans skal háð þátttöku í hapdrættinu og fara stöðugt hækkandi þar til einhver þátttakenda vinnur þá fjárhæð sem hverju sinni hefur safnast þar fyrir.

Í upphafi skal setja 500.000 kr. í Gullpottinn. Þegar fjárhæð Gullpotts hefur unnist og potturinn tæmst skal setja 500.000 kr. í pottinn á ný vegna frekari þátttöku.

8. gr.

Tölvukerfi hapdrættisins skal byggt á miðlægum stjórn tölvum sem tengdar skulu með símalínunum við samskiptabúnað og tölvuvæddar hapdrættisvélar á hverjum sölustað. Hugbúnaður sem notaður er í tölvukerfinu skal:

- tryggja að útborgað vinningshlutfall nemi til jafnaðar a.m.k. 89%;
- tryggja að innan mjög þröngra marka sé það tilviljun sem ráði því hvernig vinningar falla og að ekki sé unnt að hafa nein áhrif á það hver hlýtur vinning né hvenær vinningar falla;
- sjá til þess að nákvæmlega sé skráð í tíma með óbreytanlegum hætti fyrir hve háa fjárhæð hefur verið spilað í hverri einstakri hapdrættisvél og hversu mikið vélin hefur borgað út í vinningum;
- sjá til þess að nákvæmlega sé skráð í tíma hvenær einstakar hapdrættisvélar hafa verið opnaðar og þeim lokað;
- sjá til þess að í tölvumiðstöð séu stöðugt gefnar upplýsingar í prentuðu formi um stöðu heildarkerfisins og þá sérstaklega ef vart verður við einhverja óreglu í kerfinu, t.d. bilun einstakra véla eða truflun á símboðum;

f. sjá til þess að hvenær sem er sé unnt að fá útprentun á þeim upplýsingum sem geymdar eru í tölvukerfinu.

9. gr.

Til að tryggja að kröfum, sem greinir í 8. gr., sé fullnægt skal liggja fyrir vottorð um að tölvukerfið, þ.m.t. hugbúnaður, fullnægi þeim kröfum. Vottorð þessa efnis skulu gefin út af rannsóknastofnun sem hlotið hefur alþjóðlega viðurkenningu á hæfni til að framkvæma úttekt á slíkum kerfum. Happraættisráð fær sérfróða menn til að fylgjast með úttekt kerfisins. Happraættisráðið staðfestir heimild til notkunar kerfisins.

10. gr.

Vinningshafar skulu að jafnaði fá vinninga sína greidda úr happraættisvélinni á sjálfvirkan hátt. Þegar ekki eru nægilega margir peningar í vél til að borga út vinning skal vinningshafi snúa sér til umsjónarmanns vélarinnar sem greiðir vinningshafa það sem upp á vantar.

Þátttakandi sem vinnur lukkupott eða vinningsfjárhæð sem er 50.000 kr. eða hærri skal fá í hendur skriflega staðfestingu þess efnis frá umsjónarmanni. Aðalskrifstofa happraættisins greiðir síðan vinningshafa vinninginn gegn framvísun staðfestingarinnar.

Allar happraættisvélnar skulu búnar sérstöku ljósi sem auðveldar vinningshafa að ná sambandi við umsjónarmann vélar.

11. gr.

Aðgangur að happraættisvélnum skal takmarkaður við þá sem eru 18 ára og eldri.

Umsjónarmaður happraættisvélnanna á hverjum stað skal halda uppi fullnægjandi eftirliti með aldri þátttakenda.

12. gr.

Vinnings skal vitja innan árs frá því til hans var unnið. Að þeim fresti liðnum verður vinningurinn eign happraættisins.

13. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um happraætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973, sbr. lög nr. 23 5. maí 1986, öðlast þegar gildi.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.